

1855. á þessu svæði langtum færri að tölu en á Breiðafirði, og að
 22. marz. lyktum: þar eð ekki er ástæða til að gjöra undantekningar frá
 nýju lagaboði þar sem efi leikur á, heldur einungis þar, sem
 brýn nauðsyn er sýnd fyrir því, en ekki verði sjöð, að það sje
 um þessa uppástungu bænarskrárinna, og hafði konungsfulltrúi
 einnig ráðið frá henni.

24. marz. **8. Auglýsing frá innanríkisstjórninni um aukagjald
 fyrir sum utanríkisskip sem sigla til Íslands.**

Eptir uppástungu innanríkisstjórnarinnar hefur Hans Hátign
 Konunginum 22. dag þ. m. allramildilegast þóknast að skipa
 svo fyrir, samkvæmt lögunum um siglingar og verzlun á Íslandi
 15. dag aprílmánaðar f. á. 7. gr., að öll utanríkisskip, sem sigla
 til Íslands til verzlunar, nema þau, sem eiga heima í Stóra-Bret-
 landi eða Írlandi, eigi fyrst um sinn, frá 1. apríl þ. á. til 31.
 marz 1856, auk gjalds þess, sem til er tekið í 6. gr. í greind-
 um lögum, enn fremur að greiða 2 rd. aukagjald af hverju
 lestarrúmi í skipinu eptir dönsku máli, nema því að eins, að skip
 þegna Danakonungs hafi fullkomnið jafnrjetti við innlend skip í
 því landi, þar sem skipið á heima, eða að það land, eptir samn-
 ingi við hina dönsku stjórn, sje undan þegið ákvörðuninni í 7.
 gr. í opt nefndum lögum.

Þetta auglýsist þannig öllum, er hlut eiga að máli, til eptir-
 breytni.

28. marz. **9. Tilskipun um sunnu- og helgidagahald á Íslandi.**

Vjer Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv. gjörum kunn-
 ugt: Eptir að Vjer höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa
 alþingis um frumvarp, er fyrir það hefur verið lagt, til tilskip-
 unar um sunnu- og helgidagahald á Íslandi, bjóðum Vjer og
 skipum fyrir á þessa leið:

1. gr. Á sunnudögum og öllum öðrum dögum, sem eptir
 lögum þeim, er nú gilda, á að halda heilaga, má, einkum um
 messutímann, enga ónauðsynlega vinnu vinna, og engar almennar
 eða hávaðamiklar skemmtanir fara fram, fyrir en eptir miðþaptan,

1855.

28. marz.

þó með þeim nákvæmari ákvörðunum, sem til eru teknar í tilskipun þessari.

2. gr. Á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. gr., skal enginn starfa að utanbæjarvinnu, eða vinna þá vinnu neina, sem svo mikill skarkali verður af, að það truflí aðra í guðræki-
legum hugleiðingum þeirra. En eins og vinna sú, er lýtur að heimilisstörfum, eða sem menn stundum geta þurft við sjer eða öðrum til bjargar, er undan þegin áður nefndu banni, eins skal það ekki heldur bannað, að nota tíma þenna um heyskapar-
tímann til að þurka hey og hirða það, þegar ekki má draga þenna starfa vegna veðurs eða af öðrum slíkum ástæðum. Fiski-
mönnum skal og heimilt á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. gr., ekki einungis að vinna að nauðsynlegum störfum, sem ekki mega dragast, til að bjarga veiðiskap sínum og veiðitólum, heldur skal þeim einnig leyft, þegar mikið liggur við, einkum í fiskileysisárum, eða þegar brim og gæftaleysi hafa lengi tálmað sjósóknum, að róa til fiskjar og leggja net eða lóðir. Mala má og í mylnum á þessum tímum. Farmönnum, er í neyð hafa leitað til hafnar, skal og leyft að ferma og afferma og bæta skip sín, og má hjálpa þeim til þess, sem þeir þurfa. Ferma má einnig og afferma á þessum tíma önnur skip, þegar svo stendur á, að nota verður til þess gott veður og hagstæðan vind. Þó má enga af þessum athöfnum vinna meðan á sjálfri messunni stendur á þeim stað, nema brýn nauðsyn beri til.

3. gr. Á tíma þeim á sunnudögum og öðrum helgidögum, þegar almennt ekki má vinna þess konar vinnu, sem til er tekin í 2. gr., má hvorki kaup nje sala fara fram í búðum kaupmanna og annara sölumanna og skulu búðir þessar vera lokaðar. Þó skal lyfsölum heimilt á öllum tímum dags að selja læknisdóma; það skal og allt undan skilið, sem þarf til að-
hjúkrunar sjúkum mönnum, eða þegar svo stendur á, að einhver þarf skjótrar hjálpar við, samkvæmt reglu þeirri, sem til er tekin í 2. gr.

4. gr. Gestgjafar eða aðrir veitingamenn mega ekki, fyrri en eptir miðaptan, á sunnudögum eða öðrum helgum, veita

1855. mönnum áfenga drykki eða leyfa spil í húsum sínum, en veita
28. marz. mega þeir mat eða þess konar hressingu þó fyrr sje.

5. gr. Allar þær athafnir, sem hávaði er að, og einkum það, að menn fari margir saman á veiðar, er bannað á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. gr., en ekki er einstökum manni bannað að fara á veiðar nema um messutímann. Alls konar óp og háreysti skal og harðlega bönnuð á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. gr., einkum um messutímann, bæði úti á strætum og inni í húsum, og skulu lögreglumenn gæta þess, og ef á liggur taka þá höndum, sem á móti brjóta. Þess skal og gætt, að börn gjöri engan hávaða á strætum og að fólk flykkist ekki saman í kirkjugarðinum eða úti fyrir kirkjudyrnum einkum um messutímann.

6. gr. Ekki skal þing halda á drottinsdögum eða helgum dögum, enda þó komið sje fram yfir þann tíma, sem til er tekinn í 1. gr., eða gegna fóeta- eður skjalaskrifarastörfum, halda skiptifundi, uppboðsþing, eða gegna nokkrum öðrum dómstörfum. Þó er það undan skilið, þegar svo stendur á, að dómstörf eður önnur alþýðleg störf verða ekki dregin að skaðlausu fyrir árið-andi málefni.

Ekki skal heldur stefna eða boða neinn fyrir dóm eða yfirvald á sunnu- eða helgidögum nema brýn nauðsyn beri til, og þess sje þá krafizt af rjetti þeim eða því yfirvaldi, sem stefna lætur, og skal þó ekki stefna lesin á meðan á messu stendur.

7. gr. Ekki skal heldur halda sveitafundi eður aðra almenna fundi nema á rúmhelgum dögum, þó mega sveitastjórar halda aukafundi eptir messulok á sunnudögum og helgidögum, þegar á liggur, og hentugleikar sóknarprestsins leyfa. Beri svo við, að þeim, er hlut eiga að máli, liggi mjög mikið á, að einhver almennur fundur sje haldinn á sunnudögum eða helgidögum eptir miðaptan, og fundinum er svo háttað, að hann getur hvorki hindrað þá, sem á honum eiga að vera, frá að fara í kirkju, nje valdið neinni óreglu, þá mega lögreglumenn leyfa, að hann sje haldinn á þeim tíma. Þegar öðru vísi er ástatt en hjer segir, má ekki gjöra neina auglýsingu um að halda fund á sunnudegi eða öðrum helgum, hvorki í blöðum eða á annan hátt.

1855. 8. gr. Ekki má kenna í neinum skólum á sunnudögum og helgidögum um messutímann. 1855. 28. marz.

9. gr. Daginn fyrir sunnudaga og helgidaga má ekki halda neina dansleiki, og engar almennar skemmtanir lengur en í mesta lagi þangað til einni stundu fyrir miðnætti. Í páskavíku, eða á hinum almenna bænadegi, og kvöldin fyrir frá miðaptni, má slíkt með engu móti leyfa. Allan bænadaginn skulu menn ekki gegna neinum óþarfastörfum. Slík störf, og allar skemmtanir á almennum skemmtistöðum, skulu einnig bannaðar fyrsta dag í hinum þremur stórhátíðum.

10. gr. Fjebótum skal það sæta, ef brotið er móti þessari tilskipun Vorri, og skulu þær vera í fyrsta skipti 32 sk. til 10 rd., annað skipti 1—20 rd., þriðja skipti 5—40 rd. Verði nokkur optar brotlegur, skal herða á hinum ákveðnu fjársektum. Bætur þessar ná til allra, sem taka þátt í brotinu, svo sök verði gefin á, hvort sem þeir sjálfir brjóta móti lagaboðinu eða koma öðrum til að gjöra það, en þegar sektin er ákveðin, skal farið eptir því, hvað hver hefur tilunníð, t. a. m. að sá, sem hefur ólöglegar veitingar á sunnudögum eða helgidögum, skal almennt sæta harðari hegningu en gestirnir. Þar að auk skulu gestgjafar þeir, auk sektarinnar, gjalda jafn mikið fje og þeir hafa ábatazt við lagabrotið, og þegar þeir brjóta í þriðja skipti skulu þeir einnig missa rjett til að hafa atvinnuveg þann, er þeir hafa þannig ranglega með farið.

11. gr. Fjesektirnar skal gjalda í fátækra sjóð, og geti hlutaðeigandi ekki goldið þær, skal fara eptir fyrirmælum tilskipunar dags. 24. dag janúarmán. 1838, 9. gr.

12. gr. Ef að brotið lýsir sjerlegum mótpróa eða augljósri fyrirlitning á kristilegri siðsemi, má annaðhvort hækka fjesektina fram yfir það, sem til er tekið í 10. gr., eða, eptir því sem á stendur, dæma hinn brotlega í fangelsi til vatns- og brauðs-hegningar í Reykjavíkur þinghá og í vandarhagga-refsingu annarstaðar á landinu.

13. gr. Embættismenn þeir, er lögreglu eiga að gæta, eiga vandlega og hyggilega að sjá um, að fylgt sje reglum þeim, sem eru í þessari tilskipun Vorri. Sje nokkur í vafa um, hvort

1855. eitthvað, sem hann vill gjöra, geti staðizt eptir tilskipuninni eður
28. marz. ekki, getur hann leitað álits lögreglustjóra, og ef honum virðist það ekki vera á móti grundvallarreglum tilskipunarinnar, getur hann leyft það. Virðist lögreglustjóranum að brot á móti tilskipuninni hafi komið af fyrirgefanlegum misskilningi, skal hann að eins vara hinn við, og, ef þörf er á, gefa út auglýsing mönnum til leiðbeiningar og viðvörunar, og tjáir ekki upp frá því að afsaka sig með þekkingarleysi eða misskilningi.

14. gr. Allar sakir um brot á móti tilskipun þessari skal fara með og dæma eins og lögreglumál. Þegar brotið er ekki meira en svo, að bætur liggja við, má amtmaður skera úr málinu samkvæmt tilskipun dags. 24. dag. janúarmán. 1838, 10. gr.

15. gr. Prestar skulu á hvern þann hátt, sem við á, stuðla til, að breytt sje eptir þessari tilskipun Vorri, og reyna til með viðvörun og áminningum að aþra mönnum frá að brjóta móti tilskipuninni, og einkum láta sjer vera annt um að innræta mönnum þá sannfæring, að þeir verði fúsir á að færa sjer guðsþjónustuna í nyt. Þeir skulu einnig við og við, og að minnsta kosti einu sinni á ári, brýna ítarlega fyrir söfnuðinum, hve áriðandi það sje að sækja opt kirkju með guðrækilegu hugarfari. Prófastar og biskupinn skulu einnig bæði á embættisferðum og endrar nær reyna að komast eptir, hvort þessarar tilskipunar Vorrar er gætt.

16. gr. Þessar framan töldu ákvarðanir gilda ekki um þá, sem sýna þjónum kirkjunnar ósóma og ofbeldi, eða með annari óhæfu trufla helgi kirkjunnar, og skulu þeir sæta refsingum eptir fyrirmælum og aðalreglum laga þeirra, sem um það gilda. En það sem í tilskipun dags. 29. dag maímán. 1744 er ákveðið um drottinsdaga og annara helgidagahald, og ákvarðanir þær, sem þar eru um refsingar fyrir helgidagabrot, skal nú tekið úr lögum.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer þegnlega að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

Ástæður fyrir lögum þessum.

Með úrskurði 22. Maí 1853 fjellst konungur á, að frum-
 varp dómsmálastjórnarinnar til tilskipunar um sunnu- og helgi-
 dagahald væri lagt fyrir alþing það ár, og sagði þingið álit
 sitt um það á lögskipaðan hátt, og sendi síðan konungsfulltrú-
 inn á þinginu, Melsteð amtmaður, álitsskjal þingsins til stjórnar-
 innar með sínum eigin athugasemdum.

Alþingið hefur í álitu sínu látið í ljósi, að það viðurkenndi
 samhuga hinn kristilega guðræknis- og frjálslyndis-anda, sem er
 í frumvarpi þessu, og hefur það því í einu hljóði fallið á
 frumvarpið í öllum aðalatriðum þess, en þar á móti veldur hið
 sjerstaka ástand Íslands því, að þinginu virtist, að gjöra þyrfti
 nokkrar smábreytingar, er ekki breyta neitt aðalefni þess, og
 þingið mælti þess vegna með því, að frumvarpið yrði gjört að
 lögum með þeim breytingum, er þingið stakkið upp á, og seinna
 skal nákvæmar getið þegar hver grein er talin.

Konungsfulltrúinn hafði getið þess um álitsskjal þingsins
 yfir höfuð, að flest öll af hinum ekki allfáu breytingaratkvæð-
 um, sem þingið kom fram með, væri einungis orðamunur, er
 flest ekki snerta hið danska frumvarp sem stjórnin gjörði, held-
 ur hina íslenzku þýðingu, er lögð var fyrir þingið, og þó að
 hann hefði vakið athygli á því á þinginu, að það mundi verða
 til lítils gagns, og ekki gjöra annað en rugling og óvissu, að
 gjöra slíkar breytingar á orðaskipun við hina íslenzku þýðingu
 frumvarpsins, og að þinginu væri því bezt, að gjöra ekki annað
 en stinga upp á breytingum á því, er snerti efnið í frumvarp-
 inu, þar sem slíkar breytingar þættu þurfa, hafði þingið gefið
 því lítinn gaum í meðferð þessa máls. Samt sem áður þykir kon-
 ungsfulltrúa auðsætt hverjum einum, að hann hafi þar rjett
 að mæla, þegar að gætt er, hvernig íslenzk lög eru samín; því að
 fyrst er samið danskt frumvarp, sem er íslenzkað og borið und-
 ir alþing, síðan er breytingaratkvæðum þingsins við þessa út-
 leggingu, sem gjörð eru á íslenzku, aptur snúið á dönsku. Kon-
 ungsfulltrúinn álitur, að af því, að snúa þannig úr öðru málinu
 á hitt, leiði það, að uppástungur um breytingar á því, hvernig
 orða skal, sem ástæður kynnu að vera til, þegar litið er til

1855.

28. marz.

1855. hinnar íslenzku þýðingar, verði með öllu marklausar og geti
28. marz. jafnvel valdið ruglingi, þegar lítið er til hins danska lagafrum-
varps.

Auk þess sem konungsfulltrúinn hefur þannig sagt, bætir stjórnin því við, að mótbárur þær, sem komu fram á alþinginu, þegar málið var rætt, móti frumvarpinu, þar sem það er ekki einungis um orðamun, lúta einkum að því, að nokkrar ákvarðanir í frumvarpinu eigi ekki við á Íslandi, vegna þess þær sjeu lagaðar eptir landsháttum í Danmörku, og verði ekki þar notaðar eins og þar stendur á. Þetta er nú reyndar satt að því leyti, að það eru nokkrar ákvarðanir í frumvarpinu, sem lítið þarf til að taka sumstaðar á landinu, einkum uppi í sveitum, en það virðist, að alþing hafi ekki gefið því gaum sem skyldi, að tilskipun þessi er almennt lagaboð, sem ekki á einungis að vera fyrir þá, sem búa upp til sveita, heldur kemur hún líka, og það hvað helzt, til greina í verzlunarstöðunum, einkum Reykjavík, og virðist því ekki nein ástæða til að sleppa þess konar ákvörðunum, af því þær eiga ekki við alstaðar á landinu, þegar þær á annað borð eiga við, eða eru jafnvel nauðsynlegar sumstaðar.

Eptir þessar almennu athugasemdir víkur stjórnin til að tala um breytingaratkvæðin við hinar einstöku greinir frumvarpsins:

Við 1. gr. Alþing hefur stungið upp á í þessari grein:

a) að sett sje annað orð fyrir „hætta“, er betur eigi við, og að orðunum „allar skemmtanir“ sje sleppt, þar eð það eptir álit þingsins ætti betur við á Íslandi, þar sem eru svo fáar og næstum öldungis engar almennar skemmtanir, að þær fáu, sem til eru, sjeu ekki bannaðar á helgidögum, þar þeir eru sá eini tíminn, er allur þorri landsmanna hefur færi á að leita sjer skemmtana.

b) að fyrir „einni stundu eptir nón“ sje sett alstaðar þar sem það kemur fyrir í frumvarpinu: „miðaptan“, er það liggi nær hugsunarhætti þjóðarinnar.

c) að sleppt sje orðunum „um messutímann“, því þingið heldur að það mundi draga úr helgihaldinu, ef að þeim væri haldið.

1855.

28. marz.

Stjórnarráðið vildi ekki mæla með hinni fyrstu uppástungu alþingis við þessa gr., er fer fram á að sleppa orðunum „allar skemmtanir“, þar eð þess konar skemmtanir gætu vel verið, einkum í verzlunarstöðunum, er eflaust væru gagnstæðar rjettum skilningi á helgihaldi, og ekki verður haldið, að alþing hafi ætlað til að leyfa skyldi þess konar skemmtanir á Íslandi, þar sem þó harðara er tekið á þess konar en í Danmörku, og þingið hefur ekki heldur mælt neitt á móti áður nefndu orðatiltæki í 9. gr. frumvarpsins. Þar á móti hjelt stjórnin, að ástæða kynni að vera til að kveða betur á: hverjar skemmtanir það eru, er þannig eru bannaðar, með því að bæta við orðunum „almennar eða hávaðamiklar“. Þar eð það á Íslandi þykir gagnstætt tilhlýðilegu helgihaldi að taka sjer fyrir hendur neina ónauðsynlega vinnu á sunnu- og helgidögum, ja fn vel snemma um morguninn, áleit stjórnin rjettast að sneiða hjá orðinu „hætta“, er sýnist að tákna vinnu, sem er byrjuð, en seinna er hætt við, og setja í stað þess: „má fara fram“.

Stjórnarráðið hafði því næst ekkert á móti uppástungu alþingis undir staflíð b, um að endir helgarinnar yrði settur um miðaptan í staðinn fyrir „einni stundu eptir nónn“, þar sem það bæði virðist eiga við eptir því sem ástatt er á Íslandi, og konungsfulltrúi hafði mælt með því. Þar á móti vildi stjórnin ekki mæla með því, að sleppt væri orðunum „einkum um messutímann“, þar eð álíta má, að það gjöri brotið saknæmara, þegar hafðar eru almennar skemmtanir eða ónauðsynleg vinna um messutímann, og líka sökum þess, að sama grundvallarregla kémur fram annarstaðar í frumvarpinu, einkum í enda 2. greinar og í 5. gr.

Við 2. gr. Um þessa grein hefur alþingi, auk þess að stinga upp á orðamun, sem ekkert verulegt er í varið, og sem einungis snertir íslenzka textann, og er því hjer sleppt, mælt fram með því:

1) að í stað orðanna: „þegar ekki má draga þenna starfa sökum votviðra“, yrði sett: „þegar nauðsyn krefur“, því þingið sagði, að margt gæti valdið tjóni um heyskapartímann annað en votviðri ein, t. a. m. stormar, og flóð sjóar og vatna o. s. frv.

1855.

29. marz.

2) að í stað orðanna: „í þeim fiskiverum, þar sem sjósóknun“, væri sett önnur orð, þannig, að leyfið til að róa til fiskjar á helgidögum yrði ekki bundið við einstakar veiðistöður, þar eð brim og ógæftir gætu í öllum veiðistöðum langstundum hindrað sjósóknir, og þörfin að sækja sjó á helgum dögum mætti alstaðar verða brýn, þar sem lifa verður mestmegnis eða einungis af sjónum.

3) að leyfi skyldi gefið til þess að halda áfram sjóferðum á helgidögum, þegar til þess þarf gott veður og hagstæðan byr, þar sem ásigkomulag landsins og þar af leiðandi erviðleiki ferðalaga, einkum sjóferðanna, mælti með því, að sjófarendum væri leyft að halda áfram ferðum sínum á helgum dögum, og vinna það allt sem af sjóferðum leiðir, t. a. m. að ferma og afferma skip, o. s. frv.

4) að dregnar yrðu saman tvær seinustu klausurnar í greininni í eitt atriði, og að síðustu:

5) að breytt yrði orðaskipun í greininni á þá leið, að í stað orðanna í byrjun greinarinnar: „skal enginn.....hæfir þess konar tíma“, yrði sett: „skal enginn vinna þá vinnu neina, sem truflar aðra í guðrækilegum hugleiðingum þeirra“.

Konungsfulltrúi kvaðst ekki geta mælt með neinum af þessum breytingum við greinina, þar eð hvorki væri neitt sjerlegt unnið með þeim, og líka sökum þess, er hann hafði mælt um orðabreytingar yfir höfuð.

Stjórnarráðið var nú, eins og áður er sagt, samdóma konungsfulltrúa um þær orðabreytingar, er einungis eða helzt snerta íslenska textann á frumvarpinu, sem gjörðar eru bæði við þessa grein, og við nokkrar af eptir fylgjandi greinum í frumvarpinu, þar á móti var stjórnin fús á, ef að komizt yrði nærri breytingum þeim, er alþingið óskaði, með því að víkja við hinum danska texta, að mæla fram með þess konar breytingu, ef ekki væru aðrar ástæður móti henni. En að því leyti, er sjerstaklega snertir uppástungur alþingis við þessa gr., þá gjörði stjórnin þá athugasemd um hið fyrsta atriði, að „votviðri“ væri hjer nefnt, af því það kæmi optast fyrir, að bjarga þyrfti heyi á helgidögum, að það er undan regni, en þar eð ekkert væri því til fyrir-

stöðu, að þess konar undantekningu mætti eins gjöra í öðrum líkum tilfellum, þá er nú bætt við eptir orðin „vegna veðurs“, eða „af öðrum slíkum ástæðum“.

Stjórnin hafði heldur ekki neitt á móti hinni annari uppástungu alþingis, þeirri, að leyfið til að róa til fiskjar á helgidögum nái til í öllum veiðistöðum landsins, þegar nauðsyn krefur, því það væri öldungis samkvæmt anda tilskipunarinnar, og mætti koma þessu svo fyrir, að í stað orðanna: „í þeim fiskiverum . . . sjósóknum“, yrði sett: „eða þegar brim og gæftaleysi hafa lengi tálmað sjósóknum“. Þar á móti gat stjórnin ekki mælt með því, að sett væri sú ákvörðun í tilskipunina, að sjófarendum skuli leyft að halda áfram ferðum sínum á helgidögum, af því að leyfi þetta væri bæði öldungis óþarft, og líka sýnist óbeinlínis að liggja í því, að allar aðrar ferðir sjeu bannaðar á þessum dögum, en það hefur stjórnin engan veginn ætlað að gjöra með tilskipun þessari, og var það þegar beinlínis tekið fram í ástæðum þeim, er lagðar voru fyrir þingið með frumvarpi þessu. Stjórnin gat ekki heldur tekið þá uppástungu þingsins til greina, að draga saman tvær seinustu klausur greinarnar, því þar af leiddi, að endir greinarnar lyti einungis að seinustu klausunni, í stað þess að endirinn á við alla þá vinnu sem til er færð í greininni.

Breyting sú, sem alþingið hefur stungið upp á undir tölu-lið 5, er engan veginn, eins og þingið sagði, einungis breyting á orðfærinu, heldur líka breyting á efninu, því að í greininni liggur algjörlegt bann á öllum störfum utan húss, en bannar eigi innan bæjarvinnu nema þegar hún veldur slíkum hávaða, að hún truflar aðra í guðrækilegum hugleiðingum þeirra, en þar á móti yrði líka utanbæjarvinna leyfð eptir því sem þingið vildi orða greinina, þegar hún að eins truflaði engan. En þar eð nú ekki verður haldið, að þingið hafi ætlað sjer að gjöra neina breytingu að efninu til með því að orða þannig, allra sízt í þessa stefnu (sbr. það sem áður er sagt við 1. gr. a) og engin uppástunga eptir atkvæðagreiðslu er gjörð um þetta, varð breyting þessi ekki tekin til greina.

Við 3. gr. þingið hafði við þessa gr. stungið upp á þeim

1855. orðamun, er tæki betur fram, að öll verzlun er bönnuð um
 28. marz. morgna á helgum dögum, heldur en frumvarpið virtist að gjöra, því að þinginu virtist, að enga verzlun ætti að leyfa á þessum dögum fyrir en eftir miðaptan. Til þess að laga sig eftir þeim skoðunarhætti Íslendinga, sem áður er getið við 1. gr., að það væri gagnstætt helgidagahaldinu að vinna neina óþarfavinnu jafnvel snemma á morgnana, var stjórnin á því, að skipt væri um orðatiltækin „skal hætta kaupum og sölum“, og sett: „má hvorki kaup nje sala fara fram“. Þinginu þótti enn fremur eiga betur við, að í stað þess að vísa til 2. greinar í frumvarpinu, eins og gjört er í þessari gr., væri vísað til 1. greinar, þar sem aðalreglan stendur: að menn mega ekki vinna neina ónauðsynlega vinnu; en þar eð 2. gr. hefur inni að halda nákvæmari reglur um það, hvernig beita skuli þessari aðalreglu, eftir því sem á stendur, virðist rjettara að vísa til þessara ákvarðana, eins og líka er gjört í tilskipuninni 26. marz 1845, 5. gr., sem hin nefnda ákvörðun er tekin úr.

Við 4. gr. Þinginu þótti orðaskipunin í þessari gr. ekki eiga vel við háttu Íslands, þar eð hagar og tala gestgjafa og veitingamanna er öldungis ólíkt í Danmörku því sem þar er, og hefur því stungið upp á að orða greinina þannig: „Gestgjafar eða aðrir veitingamenn mega ekki á sunnudögum eða öðrum helgum, fyrri en eftir miðaptan, veita mönnum drykk eða leyfa spil í húsum sínum, en veita mega þeir mat eða þess konar hressingu þó fyrir sje“.

Þessi uppástunga ætlaði stjórnin að helzt væri sprottin af því, að svo örðugt er að koma á íslenskum orðatiltæki frumvarpsins „*siddende Gæster*“, og þar eð greinin, eins og hún er orðuð eftir uppástungu þingsins, innibindur allar helztu ákvarðanir úr frumvarpinu, auk þess að hún er stutturðari, mælti stjórnin fram með orðabreytingu þingsins.

Við 5. gr. Alþingið hafði við þessa gr. borið það fram:

- 1) að fyrstu klausu greinarinnar yrði sleppt.
- 2) að seinasta lið sömu greinar yrði sleppt, og hjelt þingið að ákvarðanirnar í þessum klausum ættu ekki við á Íslandi.
- 3) að fyrri hluti greinarinnar verði orðaður þannig: „Á

tíma þeim, sem til er tekinn í 1. gr., skal öll ósiðsamleg hegðun, háreysti og drykkjulæti vera stranglega bönnuð við alla kirkjufundi". 1855.
28. marz.

og 4) að framhald hennar verði svo orðað: „og skulu hreppstjórar og meðhjálparar gæta þess vandlega, og handtaka þá menn við kirkjur, ef á liggur, sem hjer á móti brjóta"; því að alþingið áleit, að greinin þannig yrði löguð eptir ásigkomulagi landsins og því, sem þar á sjer stað, og taldi þingið meðal þess, er engan veginn mætti missa sjónar á, að það væri víða á landinu, að fleiri væri kirkjusóknir í einum og sama hreppi, en hreppstjóri þar að eins einn; en hreppstjórnir væru þeir einu lögreglumenn, sem gætu haft gætur á hegðun manna við kirkjufundi; en þegar þannig stæði á, fengi hreppstjóri ekki gætt reglu í öllum kirkjum hrepps síns, og áleit því þingið, að leggja yrði einnig þessa skyldu meðhjálpurum prestanna á herðar, sem ætíð væru við hverja kirkju, og væru jafnframt siðamenn í kirkjunni.

Konungsfulltrúinn skaut. því til stjórnarinnar, að hve miklu leyti hún vilji fara eptir tillögum þingsins um breytingar á þessari grein, en gat þess um leið, að þar sem bannað er í fyrsta kafla greinarinnar, að menn fari margir saman á veiðar á helgidögum, muni sjaldan koma fyrir á Íslandi, og að nokkru leyti væri sama að segja um seinasta kafla hennar.

Stjórnarráðið gat þess fyrst, að sleppa mætti hjer orðunum „almennar skemmtanir", sökum orðabreytingar þeirrar, sem gjörð hafi verið við 1. gr., en vakti athygli á því, viðvíkjandi uppástungu alþingis að sleppa fyrsta kafla greinar þessarar, að þó að ekki þurfi eins að halda á banni þessu, um að menn fari margir saman á veiðar, á Íslandi eins og í Danmörku, geti þetta þó líka komið fyrir á Íslandi, einkum í kaupstöðunum, og virðist þá sama ástæða til að banna það þar eins og í Danmörku; það væri að minnsta kosti alltítt, að menn færu á bátum úr Reykjavík á sunnudögum til að skjóta fugla, og að jafnvel hefði optar en einu sinni verið klagð yfir æðarfugladrápi við þessi tækifæri. Eins og stjórnin nú eptir þessum almennum athugasemdum, er hún hafði gjört hjer að framan, gat ekki

1855. ráðið til að fara eptir tillögum þingsins í þessu efni, eins fannst
 28. marz. stjórninni sömu ástæður móti hinni annari uppástungu alþingis, er fór fram á, að ekki skyldi banna börnum að gjöra hávaða á strætum, eða fólki að safnast saman í kirkjugarðinum, eða úti fyrir kirkjunni um messutímann, því að eptir því sem ræðurnar á þinginu báru með sjer var uppástunga þessi byggð á því, að kirkjugarðurinn lægi nokkuð frá kirkjunni, en þetta er varla nokkurstaðar á Íslandi nema í Reykjavík, og þessi ástæða gæti aldrei mælt fram með að banna ekki hávaða úti fyrir kirkjudyrnum. Stjórnin kvaðst ekki heldur geta mælt með orðabreytingu þingsins á því sem eptir var af greininni, þar eð það virtist, eptir því sem þingið hefur stungið upp á að orða greinina, að einungis megi taka mann, sem gjörir ótilhlýðileg óp og háreysti, höndum við kirkjuna, og væri engin ástæða til að binda það á þá leið; þar sem þingið hafði stungið upp á, að sett væri „hreppstjórar og meðhjálparar“ í staðinn fyrir „lög-reglumenn“, væri það athugandi, að vafasamt væri, hvort gjöra skyldi meðhjálpurunum, sem ekki hafa neitt lögregluvald, þetta að skyldu, og ekki eigi orðaskipun þingsins við í Reykjavík, þar sem tveir lögregluþjórnar eru settir, en hreppstjórnir eru einungis fátækra stjórnar og hafa enga umsjón á lögreglu. Þar sem alþingi hafði farið því á flot, að hreppstjórnin í þeim hreppum, sem fleiri en ein kirkja er í, gæti að minnsta kosti ekki haft gætur á þessu nema við eina kirkjuna, bætti stjórnin því enn fremur við, að venjulega eru tveir hreppstjórnar í hinum stærri hreppum, og að það er sjaldgæft, að nokkur óregla fari fram við kirkjur upp til sveita, og að sóknarbændurnir án efa mundu sjálfir fúsir að afstýra óreglu, ef svo kynni til að bera, án þess að hreppstjórnir þurfi að skipta sjer af því.

Samkvæmt öllu framan sögðu hjelt stjórnarráðið að rjettast væri að taka grein frumvarpsins inn í löginn óbreytta.

Við 6. gr. Alþingið hafði farið fram á, að sleppt væri orðinu „skjalaskrifarastörfum“, þar þess konar mundi óþarft að taka fram sjerstaklega á Íslandi. Það má nú samt sjá af þingræðunum, og konungsfulltrúi, sem ekki mælti með þessari uppástungu, gat þess líka, að hún einkum hafi komið af því, að

1855.

28. marz.

Íslenzka orðið, sem haft var um þetta í útlekkingunni, var ekki orðið fast í málinu, án þess þingið þó hefði getað fengið betra orð um þetta, en stjórninni þótti þetta engin sennileg ástæða til þess að sleppa störfum þessum, og þar eð þau koma þó fyrir á Íslandi, og bera þar, ef til vill, optar við, þegar frjálsa verzlunin er komin á, ætlaði hún að ekki ætti að gjöra neina breytingu á frumvarpinu að þessu leyti.

Við 7. gr. Að því leyti, sem alþingið hafði stungið upp á þeim orðamun, að sett yrði í stað seinustu klausu: „Sje þetta leyfi ekki fengið, má ekkert slíkt fundarhald boða“, kvað stjórnin, að það ætti að orða þetta, eins og gjört hafði verið í frumvarpinu, þar eð þessi áður nefnda seinasta klausa lýtur ekki einungis til þess, þegar svo stendur á, að sjerstakt leyfi til að halda fund er fengið hjá lögreglustjórninni, heldur líka til hins almenna leyfis, er veitt er í byrjun greinarinnar, að sveitastjórar megi halda aukafundi á helgidögum; en eins og alþingi hefði orðað, lyti seinasti liðurinn einungis að hinu fyrra. Enn fremur skyldi breyta „einni stundu eptir nó“ í „miðaptan“, samkvæmt því sem áður er mælt við 1. gr.

Við 8 gr. Þessa gr. hafði þingið fallizt á óbreytta.

Við 9. gr. Alþingið hafði um þessa gr., auk orðabreytingar, sem einungis snerti Íslenzku útlekkinguna, stungið upp á því, að bætt yrði við ákvörðun um, að helgin á konungsbænadag yrði talin frá miðjum aptni á fimmtudaginn til miðdaptans á föstudaginn, því þingið hafði getið þess, að nauðsyn bæri til að einskorða, nær helgin skyldi hætta, því annars kynni að verða meiningamunur um það, hvort telja skyldi allan konungsbænadaginn til helgar, því þá yrði helgin meira en 24. stundir.

Stjórnarráðið gat þess, að það væri reyndar ákveðið í frumvarpinu að engir dansleikar eða almennar skemmtanir skyldu leyfðar frá miðjum aptni fyrir konungsbænadag, en þar á móti ekki, að enga ónauðsynlega vinnu mætti vinna það kvöld, svo að ekki verður sagt að vinna falli niður lengur en 24 stundir, og er það eins með fyrsta daginn í hinum þremur stórhátíðum, rjedi stjórnin frá því að þessi viðbætur væri tekinn í tilskipunina,

1855. einkum þar eð ekki var mikill atkvæðamunur á þinginu um þetta.
28. marz. Við 10., 11. og 12. gr. Þessar greinar hafði þingið fallizt á óbreyttar.

Við 13. gr. Þingið hafði á þessum stað stungið upp á því, að ákvörðun frumvarpsins: „Sje nokkur í vafa um, hvort eitthvað, sem hann vill gjöra, geti staðizt eptir tilskipuninni eður ekki, getur hann leitað álits lögreglustjóra, ef honum virðist það ekki vera í móti grundvallarreglum tilskipunarinnar, getur hann leyft það“, sje breytt þannig: „Sje nokkur í vafa um rjettan skilning á einhverju í henni, þá leiti hann um það álits þessara embættismanna (þ. e. þeirra sem nefndir eru í byrjun greinarinnar); því þinginu þykir það óeðlilegt, að menn skyldu mega leita leyfis hjá lögreglustjóra, sem þar optast yrði hreppstjóri, ef þeir vildu gjöra eitthvað, sem þeir ekki vita hvort getur staðizt eptir tilskipuninni, og að lögreglustjóri þá gæti leyft það, ef það, eptir skoðun hans, væri ekki á móti grundvallarreglum tilskipunarinnar. Þinginu fannst það því eðlilegra, að sá, sem í vafa kynni að vera um rjettan skilning á einhverju í tilskipuninni, leitaði um það álits hærri embættismanna, er lögreglu eiga að gæta, og mundu það þá einasta verða sýslumennirnir.

Í þessu atriði gat stjórnin þess, að uppástunga sú, er hjer ræðir um, komi eflaust af misskilningi á frumvarpinu, því ekki eigi að skilja orðið „lögreglustjóra“ um lögregluþjóna eða hreppstjóra; eins og ekki hafði heldur verið ætlazt til að veita lögreglustjóranum neitt vald til að leysa menn undan ákvörðunum tilskipunarinnar, heldur að gefa leyfi til að gjöra eitthvað, sem ekki yrði álitid óleyfilegt eptir anda og grundvallarreglum tilskipunarinnar, þó að það væri ekki leyft í henni með berum orðum; og lagði því stjórnin það til, að greininni yrði haldið óbreyttri.

Við 14. gr. Þessa grein hafði þingið fallizt á óbreytta.

Við 15. gr. Þingið hafði hjer farið fram á:

1) að fyrir orðin: „þá sannfæring, að þeir verði fúsir á, að færa sjer guðsþjónustuna í nyt“, yrði sett íslenzka orðið „kirkjurækni“, er virtist að eiga betur við en þessi setning; og

2) að eptir orðin: „sækja opt kirkju með guðrækilegu hugarfari“, yrði skotið inn í: „og skulu hreppstjórar og meðhjálparar prestanna vera þeim í öllu þessu samtaka, og veita þeim alla mögulega aðstoð“ til þess að styrkja prestana, sem mest yrði, með aðstoð hreppstjóra og djáknanna.

Um hina fyrri af þessum uppástungum alþingis gat stjórnin þess, að þó hún virðist ekki annað en orðabreyting í hinni íslenzku útleggingu, þá liggur þó í raun og veru í henni breyting á efni tilskipunarinnar. Í orðinu „kirkjurækni“ liggur einungis „það að fara opt í kirkju“, og þegar einmitt prestunum í klausunni þar á eptir er gjört að skyldu að brýna þetta fyrir söfnuðinum, yrði þetta hið sama upp aptur, en í hinni til svarandi ákvörðun í danska textanum liggur langtum meira, nefnilega, að prestarnir eigi að reyna til að hafa þau áhrif á hjörtu safnaðarins, að menn sæki ekki einungis kirkjuna, heldur færi sjer hina opinberu guðsþjónustugjörð í nyt, og gat stjórnin því eigi mælt fram með þessari breytingu alþingis.

Stjórninni virtist heldur ekki, að taka ætti hina aðra uppástungu þingsins til greina, því hjer var einungis talað um, hvað presturinn skyldi gjöra með kristilegum áminningum, og ætti því miður við, að lögreglumenn — hreppstjórnir — hjálpuðu honum til þess, því hlutverk þeirra sje bundin við að tálma útvortis athöfnum, er koma fram og hneixla kristilega guðrækni, og rjeði því stjórnin til að halda greininni óbreyttri.

Við 16. gr. þegar þingið ræddi ákvarðanir frumvarpsins um leyfið á helgidagaveiðum, og fjársektir þær, sem lagðar eru við afbrotum gegn ákvörðunum þessum, leiddist það inn á umræður um fátækra hlut þann, sem löggjöfn ákveður að greiðast skuli af allri helgidagaveiði, og þar eð gjald þetta, eptir orðum alþingis, lengi hafi þótt óvinsælt, og hin upprunalega lagaástæða fyrir því sje horfin, vegna endurbótar þeirrar sem komin er á fyrirkomulag fátækra-stjórnarinnar, beiddist þingið, að þetta gjald yrði tekið úr lögum, og að þar að lútandi ákvörðun væri bætt við niðurlag þessarar greinar.

Konungsfulltrúinn fór um þetta svo felldum orðum, að honum reyndar virtist, að viðauki þessi kæmi ekki frumvarpinu við,

1855.

28. marz.

1855. en hann skýtur því þó til stjórnarinnar, hvort hún vill taka uppástungu þessa til greina, en gat þess, að sá hluti þessarar veiðar, er fátækir fá, væri svo lítil og kæmi svo sjaldan að, að þó að hann yrði úr lögum tekinn, mundu þó sveitarþyngsli, er koma af uppheldi fátækra, ekki vaxa sökum þess, svo neitt bæri á.

28. marz.

Stjórnin gat nú hvorki vegna formsins ráðið til að taka inn í tilskipun um sunnu- og helgidagahald, eins og viðbæti, ákvörðun, er einungis snerti fátækralöggjöfina, og henni sýndist heldur ekki, að alþingið hefði fært svo órækar sönnur fyrir þessari uppástungu, að ástæða væri til að fallast á innihald hennar. Það er hvorki í bænarskrá þingsins eða umræðunum um þetta mál skýrt frá því, hversu mikill hluti af tekjum fátækra, í þeim hreppum, þar sem þess konar veiði er, kemur af þessu gjaldi, sem eftir reglugjörið 8. janúar 1834, 14. gr., 4. atr., er til tekið að skuli vera fimmtungur allrar veiðinnar; eða hvort fátækra stjórnin í þessum hreppum geti misst þessar tekjur, nema henni sje bætt það upp á annan hátt, sem yrði hreppsúum, ef til vill, erviðari; og þar sem konungsfulltrúi ætlaði, að sveitarþyngsli, er kæmu af uppheldi fátækra, ekki mundu vaxa, svo neinu munaði, þó að þetta gjald væri tekið úr lögum, þá kemur þetta álit hans varla saman við það, er sagt var á þinginu, að gjald þetta hefði lengi verið óvinsælt, þó stjórnin ekki viti til að klagð hafi verið undan því, hvorki fyrir stjórninni eða þinginu, og stjórnin álitur því sjálfsgagt, að rjettast sje að biða eftir nákvæmari skýrslum og bænarskrám fyr en nokkuð er ákvarðað um þetta mál, og mælir stjórnin því móti þessari uppástungu, enda höfðu, eins og áður er sagt, litlu fleiri atkvæði verið með henni en móti.

Að öðru leyti hafði alþing verið stjórninni samdóma um það, sem ákveðið er í 16. gr., bæði um það, að ákvarðanir þessarar tilskipunar gildi ekki um slíkan ósóma eður ofbeldi, sem heyrir beint undir sakalögin, og eins um hitt, að það sem ákveðið er í tilskipan 29. d. maímán. 1744 um refsingar fyrir helgidagsbrot, skuli hjereptir úr lögum tekið.